Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Jón G. Briem hrl.

(2017005615A)

Útgáfud.: 15. mars 2017

Lögreglumaður – Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Lögreglan á Vesturlandi auglýsir eftir umsóknum um stöðu lögreglumanns með starfsstöð í Ólafsvík.

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2017 og skal umsóknum skilað til lögreglustjórans á Vesturlandi, Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnesi eða sendar á netfangið vesturland@logreglan.is

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landsambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%.

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, en heimild er þó til að ráða ófagmenntað fólk til tímabundinna afleysingastarfa ef ekki sækja um fagmenntaðir einstaklingar. Góð þekking á lögreglukerfinu (LÖKE) er mikilvæg. Færni í mannlegum samskiptum, góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og hæfni til að starfa í hóp eru nauðsynlegir eiginleikar. Góð staðarþekking er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Jón S. Ólason, yfirlögregluþjónn, í síma 444 0300.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is undir liðnum eyðublöð.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi.

(2017005568)

Útgáfud.: 17. mars 2017

Breyting á fyrri auglýsingu - lögreglumaður - Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Breyting á auglýsingu nr. 2017005568 sem birt var 15. mars 2017 um laust starf lögreglumanns með starfsstöð í Ólafsvík. Sú breyting hefur verið gerð að starfsstöð í Borgarnesi kemur í stað starfsstöðvar í Ólafsvík. Ráðning í starfi er skv. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 um veitingu starfa í lögreglu, sbr. lög nr. 90/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi.

(2017005606)

Útgáfud.: 20. mars 2017

Laus staða við embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Rannsóknarlögreglumaður.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er laus til umsóknar 1 staða rannsóknarlögreglumanns. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri setji í stöðuna frá og með 1. maí 2017, tímabundið í 1 ár. Um er að ræða stöðu í tæknideild. Starfið er dagvinna með skipulögðum bakvöktum.

Umsækjandi skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins og hafa starfað sem lögreglumaður í að minnsta kosti 2 ár að prófi loknu, sbr. 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr.1051/2006 um starfsstig innan lögreglu.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Í samræmi við reglugerð 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar:

Rannsóknir brota og markvissar afbrotavarnir í samræmi við stefnu, áherslur og markmið LRH.

Stjórnar tæknirannsóknir á brotavettvangi.

Sinnir samanburðarrannsóknum, skráningum og rannsóknum á munum í samræmi við reglur.

Tryggir fagleg gæði rannsókna og að málshraði sé í samræmi við markmið.

Hæfnikröfur.

Reynsla af störfum í lögreglu og áhugi á málaflöknum er mikilvæg.

Þekking og/eða aukin menntun sem nýtist í starfi er kostur.

Aðrar hæfnikröfur:

Góð samskiptahæfni og þjónustulipurð.

Aðlögunarhæfni, jákvætt viðhorf og sveigjanleiki.

Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Skiplagshæfni og nákvæmni.

Góð hæfni til að vinna með rafrænar upplýsingar og hefðbundin skjöl.

Þess er vænst að umsækjendur hafi reynslu af störfum þar sem reynt hefur á þessa eiginleika.

Frekari upplýsingar um starfið.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um setningu hefur verið tekin.

Sækja skal um stöðurnar með rafrænum hætti á vef Starfators, www.starfators.is.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2017.

Nánari upplýsingar veitir.

Vignir Örn Oddgeirsson, netfang vignir.oddgeirsson@lrh.is, sími 444-1000 og Eygló Huld Jónsdóttir, netfang eyglo.huld@lrh.is, sími 444-1000.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2017005684)

Útgáfud.: 20. mars 2017

Laus staða aðstoðaryfirlögregluþjóns - Lögreglustjórinn á Norðurland eystra

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra auglýsir lausa til umsóknar stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns við embættið, með aðsetur á Akureyri.

Ábyrgð og helstu verkefni:

Leiða af hlutverki lögreglu, eins og það er skilgreint í 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, og 6. gr. reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar. Aðstoðaryfirlögregluþjónn er yfirlögregluþjóni til aðstoðar og er staðgengill hans. Hann fer með daglega stjórn og ábyrgð á störfum almennrar deildar lögreglunnar og sér um áætlanagerð, skipulagningu og markmiðssetningu fyrir almennu deildina í samráði við yfirlögregluþjón. Hann hefur umsjón með því að fylgt sé eftir almennum reglum um framkvæmd löggæslu og fyrirmælum um sérstök verkefni. Ber ábyrgð, ásamt yfirlögregluþjóni, á að fjárhagslegur rekstur almennu deildarinnar sé innan fjárheimilda, hefur umsjón með tækja- og tæknibúnaði almennu deildarinnar, tekur þátt í gerð ársskýrsla, yfirfer lögregluskýrslur almennu deildarinnar, annast umsjón með tölvukerfi sem og önnur störf sem yfirstjórn felur honum eða leiða af venju.

Menntunar- og hæfnikröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um starfstig innan lögreglunnar skal umsækjandi hafa starfað sem lögreglumaður í að minnsta kosti fimm ár frá því að hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Sá sem skipaður er til að gegna þessu starfi skal eiga þess kost að sækja stjórnunarnámskeið, hafi hann ekki sótt slíkt námskeið áður. Reynsla af stjórnunarstörfum og/eða stjórnarmenntun er æskileg, reynsla af rekstri er kostur. Nauðsynlegt er að umsækjendur búi yfir haldgóðri reynslu af lögreglustörfum og þekkingu á lögreglurannsóknum. Góð þekking á landskerfum lögreglu og staðgóð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg, en einnig er tungumálakunnátta kostur. Nauðsynlegt er að viðkomandi búi yfir skipulagshæfni og vandvirkni í vinnubrögðum, sýni frumkvæði og sjálfstæði í starfi og hafi yfir að búa færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í hóp. Leitað er að einstaklingum með reynslu af störfum þar sem reynt hefur á þessa hæfileika.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um skipun hefur verið tekin. Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum eða á lögregluvefnum www.logreglan.is, undir liðnum eyðublöð. Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil, ásamt ljósriti af prófskírteinum og öðrum gögnum skal skilað á netfangið nordurland.eystra@logreglan.is eða til Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, Þórunnarstræti 138, 600 Akureyri.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2017.

Ráðningarkjör samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landsambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%.

Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri setji í stöðuna til reynslu í 12 mánuði, með skipun í huga að reynslutíma loknum eða skipi í stöðuna, til fimm ára, frá og með 1. júlí 2017.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Athygli er vakin á að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar veita Daniel Guðjónsson og Kristján Kristjánsson, yfirlögregluþjórnar, í síma 444-2800.

Akureyri, 15. mars 2017.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.

(2017005710)

Útgáfud.: 16. mars 2017

Mat á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar.

Landsnet hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Kröflulínu 3 í Skútustaðahreppi, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi. Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 16. mars til 5. maí 2017 á eftirtöldum stöðum: Á bókasafninu á Egilsstöðum, á Amtsbókasafninu á Akureyri á sveitarskrifstofum Skútustaðahrepps, Reykjahlið og Fljótsdalshrepps, Végarði og bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. maí 2017 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Skipulagsstofnun.

(2017005573)

Útgáfud.: 17. mars 2017

Mat á umhverfisáhrifum

Ístak hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í Stapafelli, Reykjanesi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 17. mars 2017 til 2. maí 2017 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu Eflu: www.efla.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 2. maí 2017 til Skipulagsstofnunar bréfleiðis eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Skipulagsstofnun.

(2017005609)

Útgáfud.: 16. mars 2017

Innköllun vegna nauðasamningsumleitana

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum þann 1. mars 2017 var einkahlutafélaginu Fákaseli ehf., kt. 460613-0860, með lögheimili að Ingólfshvoli, Ölfusi, veitt heimild til að leita nauðasamnings skv. ákvæðum laga nr. 21/1991. Undirritaður lögmaður var skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum félagsins.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur félaginu, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum, innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar Lögmonnum Suðurlandi ehf., Austurvegi 3, 800 Selfoss, merktar undirrituðum umsjónarmanni.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldara, miðvikudaginn 3. maí 2017, kl. 14.00 á skrifstofu Lögmonna Suðurlandi, Austurvegi 3 á Selfossi, til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Selfossi, 3. mars 2017.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hdl.

(2017005156B)

Útgáfud.: 20. mars 2017

Nauðungarsölur - Akranes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Stillholti 16-18, Akranesi, 26. apríl 2017 kl. 10.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Asparskógar 15,

Hvalfjarðarsveit.

Fastanr.: 2333766.

Gerðarþoli (-ar): Heiðar Sigurðsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Hvalfjarðarsveit og Hvalfjarðarsveit og Hvalfjarðarsveit og Hvalfjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 404.135.

2017005708)

Heiti eignar: Bæjartún 13,

Snæfellsbær.

Fastanr.: 2103508.

Gerðarþoli (-ar): Danuta Genowefa Garbarczyk og Robert Garbarczyk.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vátryggingafélag Íslands hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 67.121.

2017005707)

Heiti eignar: Eyrarskógur 49,

Hvalfjarðarsveit.

Fastanr.: 2243083.

Gerðarþoli (-ar): Anna Margrét Ingólfssdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Hvalfjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 53.488.

2017005706)

Heiti eignar: Garðabraut 22,

Akranes.

Fastanr.: 2101036.

Gerðarþoli (-ar): María Kristbjörg Ásmundsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 11.531.422.

2017005705)

Heiti eignar: Garðabraut 7,

Akranes.

Fastanr.: 2100811.

Gerðarþoli (-ar): Guðríður Sigurjónsdóttir og Ágúst Grétar Ingimarsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Akraneskaupstaður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 242.221.

2017005704)

Heiti eignar: Hátröð 7,

Hvalfjarðarsveit.

Fastanr.: 2242073.

Gerðarþoli (-ar): Eignamark ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Hvalfjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 99.627.

2017005703)

Heiti eignar: Hrafnaklettur 3,

Borgarbyggð.

Fastanr.: 2111409.

Gerðarþoli (-ar): Guðjón Kristjánsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Borgarbyggð.

Fjárhæðir krafna í kr.: 182.180.

2017005702)

Heiti eignar: Indriðastaðir 52,

Skorradalshreppur.

Fastanr.: 2106916.

Gerðarþoli (-ar): Samlagið Fjárfestingafélag ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Félag sumarbústeig Indriðast.

Fjárhæðir krafna í kr.: 714.149.

2017005701)

Heiti eignar: Leynir,

Hvalfjarðarsveit.

Fastanr.: 2348433.

Gerðarþoli (-ar): Baldur Þór Ketilsson og Ása Birna Viðarsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Tryggingamiðstöðin hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 96.857.

2017005700)

Heiti eignar: Lækjarmelur 13,

Hvalfjarðarsveit.

Fastanr.: 2268191.

Gerðarþoli (-ar): Helga Rós Sveinsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Hvalfjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 318.731.

2017005699)

Heiti eignar: Norðurtangi 3,

Snæfellsbær.

Fastanr.: 2257986.

Gerðarþoli (-ar): Víkurhöfn ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Snæfellsbær og Landsbankinn hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 11.982.661.

2017005698)

Heiti eignar: Sandholt 16,

Snæfellsbær.

Fastanr.: 2103835.

Gerðarþoli (-ar): Grzegorz Marcin Lakowski.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Arion banki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 176.156.

2017005697)

Heiti eignar: Skúlagata 3,

Stykkishólmur.

Fastanr.: 2116209.

Gerðarþoli (-ar): Þorbjörg Lilja Jóhannsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Arion banki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 12.925.110.

2017005696)

Heiti eignar: Sólbakki 27,

Borgarbyggð.

Fastanr.: 2300085.

Gerðarþoli (-ar): S.Ó.húsbýggingar sf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Arion banki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 28.375.996.

2017005695)

Heiti eignar: Sæból 7,

Grundarfjarðarbær.

Fastanr.: 2115277.

Gerðarþoli (-ar): Jóhanna B Hallbergsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 25.913.284.

2017005694)

Heiti eignar: Tangavegur 7,

Hvalfjarðarsveit.

Fastanr.: 2334037.

Gerðarþoli (-ar): GMR Endurvinnslan ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Hvalfjarðarsveit.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.180.733.

2017005693)

Heiti eignar: Trönubakki 8,

Borgarbyggð.

Fastanr.: 2110755.

Gerðarþoli (-ar): Vigdís Ólafsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vátryggingafélag Íslands hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 77.829.

2017005692)

Heiti eignar: Vallarbraut 11,

Akranes.

Fastanr.: 2100786.

Gerðarþoli (-ar): Kristján Darri Jóhannsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Akraneskaupstaður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 138.750.

2017005691)

Heiti eignar: Vallholt 1,

Snæfellsbær.

Fastanr.: 2103938.

Gerðarþoli (-ar): Magdalena Borkowska og Tomasz Borkowski.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 7.854.933.

2017005690)

Heiti eignar: Vallholt 18,

Snæfellsbær.

Fastanr.: 2103964.

Gerðarþoli (-ar): Elías Jóhann Róbertsson og Elín Krístrún Halldórsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Tryggingamiðstöðin hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 103.776.

2017005689)

Heiti eignar: Vallholt 23,

Akranes.

Fastanr.: 2100275.

Gerðarþoli (-ar): Már Vilbergs Vilbergsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Arion banki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.851.158.

2017005688)

Heiti eignar: Vatnsendahlíð 75,

Skorradalshreppur.

Fastanr.: 2106977.

Gerðarþoli (-ar): Sigurður Sigurjónsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vátryggingafélag Íslands hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 85.937.

2017005687)

Heiti eignar: Vesturgata 135,

Akranes.

Fastanr.: 2101086.

Gerðarþoli (-ar): Stefán S. Steinólfsson og Þórey Helgadóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vátryggingafélag Íslands hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 99.772.

2017005686)

Sýslumaðurinn á Vesturlandi,
15. mars 2017.

Berglind Helgadóttir ftr.

(2017005685

Útgáfud.: 16. mars 2017

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu dánarbúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Tjarnargötu 36, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr dánarbúinu, sem mun liggja frammi á fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta tveimur vikum fyrir skiptafund. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem hlut eiga að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins sem verður þar með úthlutunargerð úr dánarbúinu.

Dánarbú, nafn:

Jón Jónas Bárðarson,
kt. 051225-3339,
Brúnavegi 9, Reykjavík

Skiptafundur:

31. mars 2017,
kl. 10.00

Reykjavík, 13. mars 2017.

Hjalti S. Mogensen hdl.

(2017005569

Útgáfud.: 14. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 6. desember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. mars 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Kristín Guðmundsóttir,
kt. 170779-3449,
Fífusundi 19, Hvammstanga

Lýstar kröfur:

kr. 17.603.948

Sauðárkróki, 9. mars 2017.

Einar Sigurjónsson hdl.

(2017005350

Útgáfud.: 15. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. nóvember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. mars 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Alfred Már Clausen,
kt. 180772-5029,
Iðnbúð 1, Garðabæ

kr. 15.327.656

Reykjavík, 3. mars 2017.
F.h. Magnúsar Óskarssonar
hrl.,
Sunna Magnúsdóttir hdl.

(2017005562

Útgáfud.: 15. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. nóvember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. febrúar 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

SPG ráðgjöf ehf.,
kt. 430602-2090,
Flókagötu 62, Reykjavík

kr. 17.100.427

Reykjavík, 3. mars 2017.
F.h. Ásgeirs Þórs Árnasonar
hrl.,
Sunna Magnúsdóttir hdl.

(2017005563

Útgáfud.: 15. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. október 2016 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Skiptum á búinu var lokið 2. mars 2017.

Skiptum er lokið með vísan til 160. gr. laga nr. 21/1991. Lýstar forgangskröfur skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 kr.

969.419, sem greiddust að fullu. Lýstar almennar kröfur skv. 113 gr. laga nr. 21/1991 kr. 2.864.666, til greiðslu komu 82,3% af lýstum kröfum eða kr. 2.357.852..

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Snorri Stefánsson,
kt. 041058-6179,
Vallengi 15, Reykjavík

kr. 3.834.085

Reykjavík, 10. mars 2017.

**Hjördís E. Harðardóttir
hrl.**

(2017005564

Útgáfud.: 15. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. nóvember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. febrúar 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Ólafur
Sveinbjarnarson,
kt. 141060-5549,
Hraunteig 15, Reykjavík

Hrafn kr. 45.435.685

Hafnarfirði, 5. mars 2017.

Sigurjón Ingvason hdl.

(2017005567

Útgáfud.: 16. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. september 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. janúar 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

ÞF Dreifing ehf.,
kt. 710314-1950,
Vesturhúsum 11, Reykjavík

Samtals kr. 10.514.544, þar
af forgangskröfur kr.
700.886.

Reykjavík, 9. mars 2017.

Jón G. Briem hrl.

(2017005575

Útgáfud.: 16. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. október 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. janúar 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Þórarinn Sigurjónsson,
kt. 070854-5389,
Kjarmóa 2, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Samtals kr. 36.686.265, þar
af forgangskröfur kr. 250.000

Reykjavík, 9. mars 2017.

Jón G. Briem hrl.

(2017005581

Útgáfud.: 16. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. október 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. janúar 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

NCR ehf.,
kt. 651109-0860,
Lónsbraut 6, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

Samtals kr. 7.891.946, allt
almennar kröfur.

Reykjavík, 9. mars 2017.

Jón G. Briem hrl.

(2017005582

Útgáfud.: 16. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. september 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. janúar 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lesist slf.,
kt. 630911-1090,
Egilsnía 4, Mosfellsbæ

Lýstar kröfur:

Samtals kr. 10.256.602, þar
af forgangskröfur kr. 703.730

Reykjavík, 9. mars 2017.

Jón G. Briem hrl.

(2017005583

Útgáfud.: 16. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. nóvember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 13. mars 2017 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús:

Calvi ehf.,
kt. 541009-1160,
Laugavegi 85, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 54.889.042

Reykjavík, 13. mars 2017.

Þórður Guðmundsson hdl.

(2017005584

Útgáfud.: 16. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. nóvember 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. febrúar 2016 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Albert Sigurðsson,
kt. 050551-3269,
Hringbraut 9, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:kr. 54.337.837, allt almennar
kröfur

Reykjavík, 7. mars 2017.

Jón G. Briem hrl.

(2017005587

Útgáfud.: 17. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 7. desember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 10. mars 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að

greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Garðar Jónsson,
kt. 180962-5228,
Holtsflöt 4, Akranesi

Lýstar kröfur:

skv. 110. gr., kr. 250.000,
skv. 113. gr., kr. 43.044.021,
skv. 114. gr., kr. 37.200

Reykjavík, 14. mars 2017.

Flosi H. Sigurðsson hdl.

(2017005610

Útgáfud.: 17. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. desember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. mars 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

S.L.I. ehf.,
kt. 480405-0990,
Flétturima 22, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 7.717.507

Reykjavík, 14. mars 2017.

Hildur Þórarinsdóttir hdl.

(2017005611

Útgáfud.: 17. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. desember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. mars 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Málningarþjónustan Fólía kr. 3.481.133
ehf.,
kt. 590107-1580,
Grænlandsleið 31, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Reykjavík, 14. mars 2017.

Hildur Þórarinsdóttir hdl.

(2017005612

Útgáfud.: 17. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 16. desember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 15. mars 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Grænur ehf.,
kt. 690402-4590,
Litlagerði 4, Húsavík

Lýstar kröfur:

Almennar kröfur
kr.26.718.506 og eftirstæðar
kröfur kr.173.893

Húsavík, 15. mars 2017.

**Örlygur Hnefill Jónsson
hdl.**

(2017005617

Útgáfud.: 20. mars 2017

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. desember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Samtals námu lýstar kröfur í búið kr. 73.464.438 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. mars 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Blómacompany slf.,
kt. 440903-2580,
Háaleitisbraut 68, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 73.464.438

Reykjavík, 13. mars 2017.

Bjarki Þór Sveinsson hrl.

(2017005719

Útgáfud.: 16. mars 2017

Auglýsing um skipulag - Rangárþing ytra

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010/2022.

Helluvað 2 og Nes, Rangárþingi ytra, breyting á landnotkun.

Stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps hefur óskað eftir að breytingar verði gerðar á afmörkun

vatnsverndar norðan þéttbýlis á Hellu. Óskað er jafnframt eftir því að afmörkun verði uppfærð í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkti að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á aðalskipulaginu. Jafnframt verður nýtt frístundasvæði skilgreint úr landi Helluvaðs.

Lýsingin liggur frammi hjá skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 31. mars

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum.

Þjónustusvæði austan Gaddstaðavegar, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir ýmskonar verslunar- og þjónustustarfsemi á u.þ.b. 7 ha svæði sunnan Suðurlandsvegar og austan Gaddstaðavegar á Hellu. Gert er ráð fyrir ýmskonar þjónustu við ferðamenn sem og heimamenn. Þar á meðal eldsneytissölu, bílaþvottaplani, veitingasölu, bændamarkað, bíla- hjóla- og hestaleigu, hótलगistingu í smáhýsum (bungaló) og ýmskonar verslun. Tillagan er hér endurauglýst vegna efnislegra breytinga sem gerðar hafa verið frá síðustu auglýsingu.

Vöðlar, Rangárþingi ytra, deiliskipulag bújarðar.

Deiliskipulagið tekur til um 50 ha svæðis. Um er að ræða svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi og mun það verða nýtt sem slíkt áfram. Gert er ráð fyrir tveimur byggingum á landinu, íbúðarhúsi á lóð B1 sem er um 2500 m² og vélageymslu á lóð B2 sem er 1800 m². Íbúðarhúsið verður staðsteypt og að hámarki 300 m² en vélageymslan verður stálklætt stálgrindarhús, að hámarki 300 m². Aðkoma að svæðinu er frá Þjóðvegi 271, Árbæjarvegi.

Ketilhúshagi lóð 47, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis úr landi Ketilhúshaga. Tillagan tekur til eflingar skógræktar auk þess að heimilt verður að byggja frístundahús, gestahús og geymslu / aðstöðuhús. Aðkoma að svæðinu er frá Rangárvallavegi (264). Tillagan er hér auglýst aftur vegna tímaákvæða laganna.

Tillögurnar liggja frammi hjá skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 27. apríl 2017.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

Haraldur Birgir Haraldsson.

(2017005572

Útgáfud.: 17. mars 2017

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

LAVA-Hótel Varmaland - Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 breyting á landnotkun á svæði

fyrir þjónustustofnanir Þ6, til auglýsingar. Tillagan er sett fram á uppdrætti dags. 2. mars 2017 og felur í sér að á Varmalandi verði skilgreint svæði fyrir verslun og þjónustu S8 á 6.404 fermetra reit sem nær til lóðar gamla Húsmæðraskólans. Tillagan verði auglýst í samræmi við 1. málsgrein 31. greinar Skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagstillaga liggur frammi í Ráðhúsi Borgarbyggðar, Borgarbraut 14 í Borgarnesi frá 17. mars 2017 til 28. apríl 2017 og verður einnig aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is.

Hverjum þeim aðila sem hagsmuna á að gæta, er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögu. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 28. apríl 2017 í Ráðhús Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi eða á netfangið borgarbyggd@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð.

(2017005596

Útgáfud.: 17. mars 2017

Auglýsing um skipulag - Þingeyjarsveit

Breyting á deiliskipulagi svæðis umhverfis Goðafoss í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 23. febrúar 2017 að auglýsa skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæðis umhverfis Goðafoss. Breytingin felst í því að núverandi bílastæði austan Skjálfaðafljóts verði stækkuð og þeim fjölgað úr 34 í 90.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, Laugum, frá og með föstudeginum 17. mars 2017 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 28. apríl 2017. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is>, skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur í auglýsingu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 28. apríl 2017. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir. Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar.

Bjarni Reykjalin.

(2017005600

Lögbirtingablað,

53. tölublað 2017.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, Sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.